Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Starfsárið 2014

Aðalfundur 2. desember 2014

Tímalína GL frá árinu 1965 til ársins 2015

2015
Golfklúbburinn
Leynir
50 ára

2000
Garðavöllur vígður
sem 18 holur völlur

2004
Íslandsmót í höggleik
haldið á Garðavelli

1978
Núverandi golfskáli
keyptur og tekinn í
notkun

1998
Framkvæmdir
hófust við stækkun
í 18 holur

1969
Fyrst spilað um
Haraldarbikarinn

1965
Golfklúbbur
Akranes (GkA)
stofnaður 15. Mars

1970
Nafni golfklúbbsins
breytt í
Golfklúbburinn
Leynir

1967
Golfklúbbur Akranes
tekinn inn í
Golfsamband Íslands

Golfárið 2014 var 49. starfsár Golfklúbbsins Leynis.

Golfsumarið 2014 var með hefðbundnu sniði og var Garðavöllur í góðu standi heilt yfir þrátt fyrir töluverða vætutíð sem tók sinn toll á tímum. Aukning var í skráðum spiluðum hringjum 2014 frá árinu áður þegar tillit er tekið til mótahalds.

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu fyrsta ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með prýði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Karla- og kvennalið Leynis léku í efstu deildum í sveitakeppni GSÍ og urðu þau bæði að sætta sig við fall í aðra deild. Ánægjulegt var að sjá mikla framför Axels Fannars Elvarssonar í sumar en síðla sumars náði hann þeir árangri að komast í meistaraflokk. Axel Fannar er 16 ára og á framtíðina fyrir sér með sama áframhaldi.

Rekstur klúbbsins gekk vel og jukust rekstrartekjur um 9% milli ára. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er umfram væntingar og stóðst rekstraráætlun í megindráttum, fjármögnun klúbbsins er í góðu horfi og skuldsetning í sögulegu lágmarki. Árið 2014 var annað ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og hefur hann haldið um reksturinn af myndugleika. Töluverðar framkvæmdir voru í vélaskemmunni og segja má að hún sé nánast fullkláruð. Klúbburinn hóf fjárfestingaáætlun sína í tækjakosti með kaupum á nýrri Toro kargasláttuvél nú á haustmánuðum. Á árinu fékk klúbburinn annan endurútreikning á láni sínu og voru þau lækkuð um rúmar 6,6 milljónir í þeirri aðgerð.

Í töflunni hér að neðan sést skipting á milli skráðra hringja einstaklinga á Garðavelli árið 2014 og til samanburðar eru árið 2013 og 2012, ekki eru taldir með spilaðir hringir í mótum.

Í eftirfarandi greinargerð ársins 2014 er starfssemi klúbbsins gerð skil enn frekari skil. Þá eru skýrslur starfandi nefnda einnig hjálagðar.

Aðalfundur 3. desember 2013

Á aðalfundi GL þann 3. desember 2013 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2014.

Úr stjórn gengu :
- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Eiríkur Jónsson og Hannes Marinó Ellertsson
- Varamaður til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2013 voru:
- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Eiríkur Jónsson og Hannes Marinó Ellertsson
- Varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Áfram sátu Tryggvi Bjarnason og Hörður Kári Jóhannesson, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 11 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða.

Á vormánuðum var gengið frá samstarfssamningi við Einar Lyng golfkennara um að hann myndi sjá um golfþjálfun okkar kylfinga með áherslu á afreks, barna og unglingastarf. Almenn ánægja hefur verið með störf Einars á árinu og vonast stjórn eftir áframhaldandi góðu samstarfi.

Framkvæmdir við vélaskemmu héldu áfram síðastliðinn vetur og fram á vorið og er nú svo komið að skemman er orðin nokkurn veginn fullbúinn.

Stjórn tók endanlega ákvörðun um að halda Íslandsmót í höggleik á afmælisárinu 2015 og verður það án efa stóra verkefnið á því ári.

Fjárfest var í tölvubúnaði sem er um leið sveiflugreiningartæki fyrir golfkennslu og getur nýst sem sem golfhermir í vélaskemmunni yfir vetrarmánuðina. Er það von stjórnar að þetta tæki þetta verði vel nýtt og hafi einnig áhrif til góðs varðandi félagsandann þegar félagsmenn geta nýtt sér golfherminn.

Stjórn og framkvæmdastjóri fóru þess á leit við vallarnefnd og Brynjar Sæmundsson að unnin yrðu framkvæmdaáætlun fyrir Garðavöll og áætlun um endurnýjun tækjakosts. Guðmundur framkvæmdastjóri vann náið með þeim í gerð þessara áætlana. Báðar áætlanirnar voru samþykktar af stjórn og ná þær báðar fram til ársins 2018. Unnið er eftir báðum áætlunum og varðandi framhaldið á því mun framtíðar rekstrarafkoma klúbbsins og mögulegir samningar við Akraneskaupstað ráða úrslitum um hvernig til tekst að halda þær áætlanir.

Nú er lokið þessu rekstrarári Leynis stjórn GL er mjög ánægð með að rekstraráætlun sem lagt var upp með á aðalfundi 2013 stóðst án mikilla frávika og ber að þakka Guðmundi Sigvaldasyni framkvæmdastjóra fyrir árangurinn og góð störf á árinu. Ennfremur ber að þakka félagsmönnum sem tóku virkan þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfboðaliðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2014. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, aganefnd, öldunganefnd karla og mótanefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hverrar nefndar í hjálögðum skýrslum.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir gerðist atvinnumaður á haustmánuðum 2013 og tók þátt í úrtökumóti fyrir Evrópu mótaröð kvenna í Marokkó í desember 2013. Valdís Þóra stóð sig með prýði en náði ekki þeim lágmörkum sem til þurfti en fékk eigi að síður keppnisrétt á LET Access Series mótaröðinni sem er hliðarmótaröð við Evrópumótaröð kvenna.

Valdís Þóra spilaði í 8 mótum og var árangurinn ágætur og stefnir hún ótrauð áfram og mun reyna aftur við úrtökumótið sem haldið verður nú í desember í Marokkó á svipuðum slóðum.

Valdís Þóra tók þátt í Íslandsmótinu í höggleik og endaði í þriðja sæti og endaði sem sigurvegari á stigamóti GSÍ sem fram fór á Garðavelli um miðjan ágúst 2014.

Sindri Snær Alfreðsson tók sömuleiðs þátt í stigamótum GSÍ og stóð sig með ágætum.

Barna- og unglingastarf GL var með um 8-10 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í höggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið.

GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 1. deild sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru og féll sveitin niður í 2.deild. Konurnar léku í 1. deild í Mosfellsbæ og urðu hlutskipti þeirra þau sömu og karlasveitarinnar eða fall í 2. deild.

Leynir sendi karlasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri en keppt var í Vestmanneyjum. Sveitinni gekk mjög vel og endaði í 3. sæti keppninnar.

Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fækkaði á árinu 2014 úr 405 í um 390. Golfklúbburinn Leynir er 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ.

Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSI eru rúmlega 16.000. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá rúmum 1.100 félagsmönnum og upp í tæplega 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins.

Hér að neðan sést skipting félagsmanna GL niður á flokka eftir innheimtu árgjalda.

Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri inna raða GL heldur en á landsvísu. Fjölgun var í aldurshópnum frá 30 upp í 70 ára. Að sama skapi er áhyggjuefni að félagsmönnum undir 20 ára fækkar milli ára sem skoða þarf nánar til framtíðar.

Skipting félagsmanna í konur, karla, börn og unglinga má sjá hér neðar. Hlutfall kvenna eykst um 1% og er 20% félagsmanna, einnig er aukning í hlutfalli karla og eins og áður sagði þá er fækkun meðal barna og unglinga.

Hér neðar sést hvernig félagsmenn skiptast niður á mismunandi forgjafarflokka, niðurstöðurnar eru flestar í takt við almenna skiptingu á landsvísu í samanburði við upplýsingar frá GSÍ.

Mótahald

Mótahald gekk mjög vel sumarið 2014 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar. Fjöldi móta í sumar voru 50 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2.550 manns og var það aukning um 8,5% milli ára þrátt fyrir að veðurfar hafi ekki verið kylfingum hagstætt. Mótahaldið var fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótraraðir GSÍ og LEK.

Meistaramót Leynis var haldið dagana 7. – 12.júlí. Þátttakan var góð og tóku um 100 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal eldri borgara við Kirkjubraut og bornar voru fram veitingar frá Galito.

Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla
1. Stefán Orri Ólafsson, 314 högg
2. Sindri Snær Alfreðsson, 321 högg
3. Kristján Kristjánsson, 323 högg

1.flokkur karla
1. Rósant Freyr Birgisson, 323 högg
2. Alexander Högnason, 324 högg
3. Friðrik Berg Sigþórsson, 325 högg

2.flokkur karla
1. Aron Máni Alfreðsson, 349 högg
2. Kristinn Jóhann Hjartarsson, 352 högg
3. Bjarki Georgsson, 355 högg

3.flokkur karla
1. Lárus Hjaltested, 391 högg
2. Jónas Benóný Guðmarsson, 399 högg
3. Alfreð Þór Alfreðsson, 401 högg

4.flokkur karla
1. Allan Freyr Vilhjálmsson,423 högg
2. Viðar Þór Hreggviðsson,429 högg
3. Bjarni Þór Ólafsson, 434 högg

Karlar 55+
1. Björn Bergmann Þórhallsson, 253 högg
2. Jón Elís Pétursson, 263 högg
3. Tryggvi Bjarnason, 273 högg

Karlar 70+
1. Alfreð Viktorsson, 262 högg
2. Jóhannes Karl Engilbertsson, 297 högg
3. Halldór Friðgeir Jónsson, 302 högg

1.flokkur kvenna
1. Elín Dröfn Valsdóttir, 376 högg

2.flokkur kvenna
1. Ella María Gunnarsdóttir, 404 högg
2. Bryndís Rósa Jónsdóttir, 417 högg
3. Sandra Björg Axelsdóttir, 425 högg

3.flokkur kvenna
1. Ingibjörg Stefánsdóttir, 469 högg
2. Berglind Helgadóttir, 498 högg
3. Soffía Margrét Pétursdóttir,502 högg

Konur 50+
1. Ingunn Þóra Ríkharðsdóttir, 308 högg
2. Þóranna Halldórsdóttir, 319 högg
3. Svanhildur Thorstensen, 322 högg

15 ára og yngri
1. Björn Viktor Viktorsson, 278 högg
2. Atli Teitur Brynjarsson, 280 högg
3. Ísak Örn Elvarsson, 288 högg

12 ára og yngri (rauðir teigar Garðavelli)
1. Ægir Sölvi Egilsson
2. Jón Karl Kristján Traustason
3. Þorgeir Örn Bjarkason

12 ára og yngri (grænir teigar Garðavelli)
1. 1. Kári Kristvinsson
2. Ellert Lár Hannesson
3. Óskar Gísli Búason

Stelpur (grænir teigar Garðavelli)
1. Bára Valdís Ármannsdóttir
2. Anna Þóra Hannesdóttir
3. Hekla María Arnardóttir

Litli Garðavöllur
1. Gísli Stefán Gíslason
2. Arnar Gunnarsson
3. Jóhannes Már Daníelsson

Mótahaldið í sumar þótti takast afar vel í alla staði og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir frábærlega vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2014

Töluvert var um smærri framkvæmdir á Garðavelli á árinu. Haldnir voru 3 almennir vinnudagar þar sem félagsmenn komu og tóku til hendinni.

Tjarnir og skurðir voru hreinsaðir, forflöt 7.brautar var lagfærð vegna mikillar bleytusöfnunar. Einnig var unnið í dreni á 4.braut, og stígar voru lagfærðir á 14. og 17. braut.

Mikil vinna var unnin að vanda við hreinsun, grisjun og nýrækt trágróðurs og höfðu Reynir Þorsteinsson og Guðjón Viðar Guðjónsson með þá vinnu að gera. Fyrir þá óeigingjörnu vinnu ber að þakka.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Leynis er sterk og er umfang rekstrarins orðið töluvert breytt frá fyrri árum. Rekstrartekjur jukust um 9% og rekstrargjöld um 31%. Rekstrarafkoma klúbbsins var með ágætum eftir rekstrarárið og var rekstrarhagnaður uppá rúmar 5,2 milljónir króna. Rekstrartekjur voru 72,5 milljónir króna eða 5% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 67,2 milljónir króna eða 3% umfram áætlun.

Þegar heildar niðurstaða ársins 2014 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins 9,2 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í góðu jafnvægi við lok þessa rekstrarárs og stendur langtímalán klúbbsins nú í tæpum 6 milljónum króna og eru um 3 ár eftir af því láni. Á móti stendur handbært fé klúbbsins í 10,9 milljón krónum á sama tíma. Það sem skýrir þennan hagnað er að á árinu var höfuðstóll lánsins leiðréttur í ljósi dómafordæma og lækkaði höfuðstóllinn um 6,6 milljónir.

Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2014 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarforsendur sem og efnahag. Áfram sem hingað til er það stefna stjórnar að klúbburinn sé rekinn af varfærni, gerð fimm ára áætlana varðandi framkvæmdir og endurnýjun tækjakosts mun hjálpa til við að fanga það viðsfangsefni sem rekstur klúbbsins er.

Hvernig gengur að framfylgja þeim áætlunum byggist svo á tekjuhlið klúbbsins. Þátttaka félagsmanna í framkvæmdum og rekstri klúbbsins hefur sparað klúbbnum mikil útgjöld og haft mikil áhrif á að afkoman er jákvæð.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2014 voru samtals 18 þegar mest lét frá vori til hausts með mismikið vinnuhlutfall. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi á heils árs grundvelli. Einar Lyng íþróttatjóri og golfkennari er í hlutastarfi og launþegi klúbbsins. Einar Lyng hefur umsjón með barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins og bindur stjórn GL vonir við störf hans. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Grastec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sá um faglega umsjón umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann eins og 2013 og hefur þetta samstarf reynst klúbbnum afar farsælt.

Veitingasala

GL rak veitingasöluna eins og sumarið 2013. Kristín Magnúsdóttir sá um veitingasöluna af sama myndarbrag og sumarið 2013. Auk Kristínar aðstoðuðu hana þrjár stúlkur við að gera þjónustuna sem besta. Vel tókst til með rekstur veitingasölunnar og almenn ánægja var með þjónustuna og vöruframboðið.

Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Fjölgun vinavallarsamninga varð milli árana 2013 og 2014. Vinavallarsamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innhéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba: GKJ, GB, GJÓ, GVG, GMS, GGB, GHG, GOS, GHR, GV, GG, GSG, GA, GHD OG GBR.

Umferð um Garðavöll

Aukning varð í skráðum hringjum milli ára en í sumar léku 18.200 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við mai til loka september. Leiknir voru 15.650 hringir skv. skráðum rástímum og 2.550 mótahringir. Samtals gerir þetta um 18.200 hringi.

Rekja má ástæðu þessarar aukningar m.a. til ánægju kylfinga almennt með völlinn og hversu vel hann var sóttur þegar veðurfarið var kylfingum hagstætt ásamt því að völlurinn opnaði nú tæpum 2 vikum fyrr en vorið 2013.

Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum:

Hér til hliðar er listi yfir 10 félagsmenn sem eru með flestar skráðar komur á Garðavöll á tímabilinu janúar til loka september 2014. Það er virkilega gaman að sjá hvað margir félagsmenn voru duglegir að spila Garðavöll og ekki síður ef tölurnar eru settar í samhengi við veðurfar sem var kylfingum frekar óhagstætt í sumar.

GL félagar með flesta skráða hringi

Nafn	Hringir	Sæti
Jóhannes Karl Engilbertsson	90	1
Bjarni Borgar Jóhannsson	80	2
Karl Svanhólm Þórðarson	74	3
Edda Elíasdóttir	71	4
Bjarni Bergmann Sveinsson	69	5
Halldór Friðgeir Jónsson	64	6
Magnús Már Karlsson	63	7-8
Alfreð Viktorsson	63	7-8
Páll Leó Jónsson	62	9-10
Júlíus Pétur Ingólfsson	62	9-10
Hafsteinn Víðir Gunnarsson	62	9-10

Samskipti við Akraneskaupstað

GL átti gott samstarf við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbnum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði.

Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum s.s nýrri vélaskemmu og minni viðhaldsverkefnum á vellinum.

Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teigmerki, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu.

Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið.

Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu koma eru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu:

- Bernhard
- Sjóvá
- Húsasmiðjan
- Byko
- N1
- Síminn
- Terma ehf
- Kjaran
- Ölgerðin
- HB Grandi
- Samhentir/Vörumerking
- Reykjafell
- Ískraft
- Smith og Norland
- TM (Tryggingamiðstöðin)
- Icelandair Hotels
- Toyota
- Jötunn
- Hótel Stykkishólmur
- Bílver
- GrasTec
- Verkalýðsfélag Akranes
- Verslunin Bjarg
- Úra- og skartgripaverslun Guðmundar B.Hannah
- Omnis
- Topp Útlit
- Prentmet
- Mannvit
- BM Vallá
- Rafþjónusta Sigurdórs
- Markstofa
- @home
- Bióhöllin Akranesi
- Verslun Einars Ólafssonar
- Skóflan
- BÓB vinnuvélar
- Galito
- Fjölbrautaskóli Vesturlands

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar og fjölmargir aðrir hafa veitt klúbbnum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

49. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Það nýja tímabil sem hófst á árinu 2013 gekk áfram vel á árinu 2014. Þrátt fyrir að veðrátta hafi verið risjótt annað sumarið í röð er óhætt að segja að árið hafi verið gott hjá Golfklúbbnum Leyni í marga staði, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma.

Við í stjórn GL viljum skapa þannig umgjörð og aðstöðu að Golfklúbburinn Leynir blómstri áfram og félagsmenn fái notið sem best þeirra lífsgæða sem í golfi felast.

Í þessu ljósi eru neðangreind atriði sett fram á nýjan leik, atriði sem tekin eru úr samþykktum þeim er GSÍ vinnur eftir.

Golf er lífsgæði

Golf er íþrótt sem sameinar útivist, heilbrigði, félagsskap og fjölskylduna. Golfíþróttin er heilsubætandi og hefur jákvæð samfélagsáhrif.

Hvernig getur GL stuðlað að því að vinna að þeim markmiðum sem felast í stefnu þeirri er samþykkt var á Golfþingi GSÍ?

Stjórn GL hefur lagt áherslu á öflugt félagsstarf og hefur það félagsstarf helst kristallast í öflugu sjálboðaliðastarfi. Ennfremur hefur stjórn rætt um hugmyndir að efla ennfremur það góða starf sem hefur verið í kringum kvennastarf klúbbsins ásamt því að efla og fjölga þátttakendum af yngstu kynslóðinni í starfinu, sem jú er framtíðarauður GL.

Í þessu ljósi hefur stjórn tekið ákvörðun um að lækka árgjöld barna og unglinga þannig að fleiri eigi kost á því að stunda og kynnast íþróttinni okkar betur.

Í dag munu tveir stjórnarmenn hverfa á brott, Tryggvi Bjarnason og Ella María Gunnarsdóttir, sem unnið hafa öflugt starf innan GL og ber að þakka þeim fyrir þeirra störf. Í þeirra stað eru í framboði til stjórnar Berglind Helgadóttir og Ingibjörg Stefánsdóttir, með kosningu þeirra í stjórn er hlutfall kvenna og karla í stjórn bætt. Með nýjum stjórnarmönnum og konum munu án efa koma ferskir vindar í stjórn klúbbsins og ennfremur er þess vænst að með þeim þátttöku þeirra verði einnig byggt ofan á það öfluga kvennastarf sem verið hefur við líði í GL.

Staða GL er sterk bæði félagslega sem og efnahagslega, GL hefur á að skipa öflugu liði félagsmanna sem boðnir eru og búnir til þess að leggja hönd á plóg.
Skuldastaða klúbbsins hefur ekki verið lægri um áraraðir, sjóðsstaða er sterk og er það gott veganesti til þess að takast á við verkefni komandi ára.
Mörkuð hefur verið stefna til 2018 varðandi framkvæmdir á vellinum með það að markmiði að koma honum í endanlegt horf. Einnig hefur samhliða verið gerð áætlun um endurnýjun tækjakosts klúbbsins. Byggt á þessum áætlunum mun stjórn vinna áfram ásamt því að halda áfram að stuðla að sterkum félagsanda í klúbbnum.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Eins og tíundað hefur verið er það milljóna virði fyrir klúbb eins og okkar að hafa svo öfluga félagsmenn. Framundan er spennandi ár í sögu klúbbsins, á komandi ári verður klúbburinn 50 ára og mun ýmislegt bera á góma í starfi klúbbsins í tilefni að þeim tímamótum. Klúbbnum hefur einnig verið úthlutað að halda Íslandsmót í höggleik á vegum GSÍ sem er án efa stærsti golfviðburður á Íslandi ár hvert og mun allt verða gert til þess að það mót verði vel heppnað og

Garðavöllur skarti sínu fegursta þegar að mótinu kemur og á 50 ára afmælisári sínu.

Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2014.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Þórður Emil Ólafsson, formaður
2. desember 2014

Skýrslur nefnda
starfsárið 2014

Skýrsla barna og unglinganefndar

Starfsárið 2014 voru um 81 börn og unglingar 18 ára og yngri, strákar og stelpur þátttakendur í starfi Golfklúbbsins Leynis. Um 10 stelpur á aldrinum 6 til 15 ára æfðu golf og voru duglegar að mæta á æfingar og taka þátt í starfi klúbbsins.

Flestir iðkendur 15 ára og yngri æfa 2-3 sinnum á viku yfir sumartímann og 1-2 í viku yfir vetrartímann.

Umsjón með barna- og unglingastarfinu sá Einar Lyng íþróttastjóri GL og golfkennari. Honum til aðstoðar var Sindri Snær Alfreðsson afrekskylfingur GL.

Boðið var upp á golf- og leikjanámskeið í sumar fyrir áhugasöm börn á aldrinum 6 til 10 ára og tókst það afar vel. Um og yfir 40 börn sóttu námskeiðið sem var í umsjón Sindra Snæ Alfreðssonar sem naut aðstoðar Axels Fannars Elvarssonar og Ísak Darra Þorsteinssonar afreksefna GL.

Árangur úr starfinu
Barna og unglingastarfið var með um 10 virka iðkendur í afreksefnastarfi klúbbsins sem nefnist TLU (Team Leynir unglingar) og eru það allt drengir og unglingar en stúlkur á vegum GL hafa ekki tekið þátt frá árinu 2008 er Valdís Þóra Jónsdóttir var þar þátttakandi.

Tóku iðkendur GL þátt í mótum á vegum GSÍ s.s. Íslandsbanka mótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í höggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 17-18 ára unglinga þar sem tóku þátt 47 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í topp 30.

Á Íslandsbanka mótaröðinni í flokki 15-16 ára unglinga þar sem tóku þátt 56 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 1 kylfing sem endaði í topp 30 og 3 aðra sem enduðu í sætum 33-52.

Einnig tóku 4 kylfingar þátt í Áskorendamótaröð 14 ára og yngri og voru 4 kylfingar GL þar í topp 20 og besti árangurinn var hjá Birni Viktori sem endaði í 5 sæti.

Á Íslandsmótinu í höggleik og holukeppni sem og í sveitakeppni unglinga var árangur okkar fólks ágætur.

Afreksefnin tóku einnig þátt í meistaramóti Leynis og fjölmenntu í flokka fullorðinna.

Ýmis fróðleikur úr starfinu
Vetrarstarfið í almennu starfi hófst af krafti í febrúar 2014 með æfingum í vélaskemmunni ásamt því að æfingasvæðið Teigar var notað þegar veðrið gaf tilefni til.

Þegar voraði þá hófust útiæfingar af krafti hjá öllum iðkendum og þegar skólastarfi lauk í júní var starfið komið í eðlilegan farveg með virkri þátttöku iðkenda.

Reglulega var spilað á Garðavelli en það er afar mikilvægt að leyfa framtíðarkylfingum sem eru að stíga sín fyrstu skref að prófa völlinn sem fullorðnir spila á. Haustmótaröð með stuðning Omnis á Akranesi var haldinn og fjölmenntu börnin í hana og tóku miklum framförum mörg hver.

Í ágúst var farinn árleg óvissuferð með börnin og spilað hjá GKG í Mýrinni og endað í Salalaug í Kópavogi. Ferðin tókst vel í alla staði og komu börnin heim þreytt og ánægð eftir skemmtilegan dag.

Allir iðkendur innan ráða Leynis áttu kost á þátttöku í meistaramóti klúbbsins og var þátttakan með ágætum. Börnin fengu öll verðlaun og voru sigurvegarar, hver með sínum hætti. Skipulögðum æfingum barna lauk í lok september en sumir spiluðu golf áfram og hafa sést á golfvellinum eða æfingasvæðinu þrátt fyrir að daginn sé farið að stytta og almennt starf í fríi fram í desember.

Í lokin er rétt að þakka öllum þeim sem að starfinu koma, krökkunum, unglingunum og foreldrum þeirra, framkvæmdarstjóra og stjórn GL, liðsstjórum að ógleymdum þeim fyrirtækjum sem styrkja barna- og unglingastarf GL en án þeirra stuðnings væri erfitt að halda úti öflugu starfi.

F.h. barna og unglinganefndar
Einar Lyng íþróttastjóri og golfkennari GL.

Skýrsla vallarnefndar

Í vallarnefnd tímabilið 2013 til 2014 sátu Alfreð Þór Alfreðsson formaður, Hörður Kári Jóhannesson, Reynir Þorsteinsson og Kristvin Bjarnason. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri og Brynjar Sæmundsson vallarstjóri hafa síðan tekið virkan þátt í störfum vallarnefndar.

Eftir varfærið og framkvæmdalítið ár 2013 hafði vallarnefndin að leiðarljósi fyrir árið 2014 að unnið væri eftir 5 ára framkvæmdaáætlun sem stjórn GL samþykkti haustið 2013.

Viðhaldsverkefni ýmiskonar eru stór hluti framkvæmdaáætlunar sem gerð var og hófst árið á að hafist var handa við hreinsun skurða og tjarna m.a. við 2.braut og 2.flöt, 3.braut, 4.flöt, 5.braut, 7.braut, 12.braut, 13.braut, 14.braut, og 15.flöt. Þessi vinna var m.a. unnin undir verkstjórn vallarstjóra og með aðstoð frá félagsmönnum.

Vinnudagar voru haldnir í apríl og var að venju góð mæting félagsmanna sem tóku til við hin ýmsu störf við vélaskemmu og á vellinum til að undirbúa opnun vallarins sem var í lok apríl eða rúmum 2 vikum fyrr en vorið 2013.

Vinna við endurbætur göngustíga hófst síðan þegar voraði með gerð á nýjum stíg frá golfskála yfir holt milli 9. flatar og 18. flatar yfir að 10. teig. Þessi framkvæmd tókst afar vel og hefur reynst vel í sumar því álag sem myndaðist fyrir framan 9. flötina er ekki lengur til staðar og golfleikur gengur hraðar fyrir sig. Einnig var göngustígur stækkaður við aðkomu að 14.teig. og blautu göngusvæði rutt í burtu. Víða um völlinn voru síðan aðrir göngustígar endurbættir með ofaníburð á efni þar sem holur höfðu myndast árin á undan.

Brunahani og vatnslögn við 1.braut og kvenna teig var fjarlægður í samráði við Orkuveitu Reykjavíkur og um leið var vatnslögn endurnýjuð til bráðabirgða að æfingasvæðinu Teigum.

Drenlagnir voru skoðaðar víða og endurbætur fóru fram m.a. á 4.braut, dren forflatar á 7.braut var endurnýjað, dren frá sandgryfjum á 12. braut og við 15. flöt voru lagfærð og endurnýjuð, og að lokum var forflöt og göngusvæði við 17. flötina endurnýjað með nýjum drenlögnum. Öll snerust þessi verkefni um að lagfæra svæði sem höfðu sýnt sig í rigningatíð sumarsins 2013 að voru til vandræða og þurftu lagfæringar við.

Félagsmennirnir Reynir Þorsteinsson og Guðjón Viðar Guðjónsson héldu áfram eins og undanfarinn ár að rækta tré og viðhalda trjágróðri vallarins og eiga þeir ómældar þakkir skilið fyrir óeigingjarnt starf sem þessu viðkemur.

Götun og söndun á eldri flötum vallarins hófst síðsumars s.s. 8. flöt, 9. flöt, 13. flöt og 18 flöt. Aðrar flatir vallarins voru aðeins gataðar og grassvörðurinn opnaður fyrir veturinn. Ástand flata á vellinum er gott og verður unnið áfram með þær svo þær verði í sem bestu standi sumarið 2015.

Þegar hefðbundnu golftímabili lauk haustið 2014 hófust menn handa að nýju við hreinsun skurða sem ekki náðist að klára um vorið s.s. við 10. braut, 13. braut, 18. braut og við æfingasvæðið Teiga.

Vinna hófst við smíði 7.5m^2 húss sem hýsa á salerni fyrir kylfinga og verður staðsett við enda 6.flatar og við enda 14.brautar. Samstarf GL og Fjölbrautaskóla Vesturlands undanfarinn misseri leiddi til þess að nemendur á tréiðnabraut skólans hófust handa við smíði þessa húss þegar skólastarf hófst í september og mun það verða sett upp í vetur svo það verði tilbúið þegar kemur að opnun vallarins vorið 2015.

Viðhaldsverkefni sem unnin voru á vormánuðum ársins 2013 með lokun á sandgryfjum við 3. flöt og 11. flöt hafa reynst afar vel og hafa flatirnar tekið miklum breytingum til hins betra nú þegar sandaustur er minni sem farinn var að skemma þær.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð er vinna í fullum gangi við lagfæringar á teigum, djúpskurð í brautir og öðru sem snýr að vellinum og eru menn þar með í huga að völlurinn verði sem bestur þegar kemur að Íslandsmóti í höggleik sem fram fer 23. til 26. júlí 2015. Einnig hafa félagsmenn lagt til ómælda vinnu við að undirbúa völlinn fyrir veturinn s.s. að taka niður brautarskilti, taka inn teigmerki og bekki.

Vallarnefndin vill að endingu þakka öllum þeim sem komu að vinnu við völlinn okkar, án aðstoðar félagsmanna væri Garðavöllur ekki í eins góðu standi og raun ber vitni, takk kærlega fyrir hjálpina og ber þar helst að nefna sjálfboðavinnu Halldórs Jónssonar sem hefur unnið óeigingjarnt starf í þágu klúbbsins.

F.h. vallarnefndar
Alfreð Þór Alfreðsson, formaður.

Skýrsla kvennanefndar

Í kvennanefnd tímabilið 2013 til 2014 voru 4 konur. Formaður nefndarinnar var áfram Ella María Gunnarsdóttir og meðstjórnendur þær Ellen Ólafsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir og Þóranna Halldórsdóttir.

Fyrsti viðburður ársins var kósýkvöld Leyniskvenna sem var haldið miðvikudagskvöldið 19. mars. Góður fjöldi kvenna var samankominn í golfskálanum og hafði það notalegt á meðan farið var yfir fyrirhugað sumarstarf. Valdís Þóra var með mjög áhugavert erindi um feril sinn og Einar Lyng kíkti við og fór yfir fyrirhugaða golfkennslu um sumarið.

Þriðjudagar voru áfram kvennagolfs dagar. Þetta sumar, eins og sumarið áður, spiluðu konur á Landsbankamótaröð klúbbsins á miðvikudögum en aðra þriðjudaga spiluðu konur saman á fráteknum tíma.

20. maí var Kvennamót GL haldið með Texas Scramble fyrirkomulagi þar sem Leyniskonur voru hvattar til að taka með sér vinkonu, frænku, dóttur, móður, systur eða aðra konu sem hefur áhuga á golfíþróttinni í mótið. Gríðarleg þátttaka var í mótinu en 52 konur tóku þátt og skemmtu sér konunglega yfir veitingum í golfskálanum á eftir. Það er ljóst að fjölmargar konur hafa áhuga á golfíþróttinni og það þarf að halda áfram að gera golfið aðgengilegt fyrir nýjum og áhugasömum konum.

Leynisskvísan fór nú fram fimmta sumarið í röð og voru þátttakendur 20 talsins eins og árið á undan. Sem fyrr var um að ræða holukeppni með forgjöf og var mótið spilað í fjórum riðlum yfir sumarið. Skemst er frá því að segja að Þóranna Halldórsdóttir bar sigur úr bítum og er Leynisskvísan 2014.

Að venju var Sumargleði kvenna haldinn Kvennadaginn 19. júní sem að þessu sinni var á fimmtudegi. Spilaðar voru 18 holur og voru þátttakendur 14. Að móti loknu áttu konur saman góða stund í golfskála.

Opna Helena Rubenstein mótið var haldið þann 28. júní. Mótið heppnaðist mjög vel og verðlaun voru sem fyrr glæsileg, fullar snyrtitöskur af gæða snyrtivörum. Mótið er eitt af stærstu mótum GL og voru þátttakendur 84. Kvennanefnd þakkar Terma ehf. fyrir frábæran stuðning og eins þeim Leyniskonum og körlum sem komu að skipulagi og framkvæmd mótsins kærlega fyrir þeirra framlag.

Þann 12. ágúst var haldið Einnarkylfumót þar sem hver leikmaður má mæta með kylfu að eigin vali auk pútters. Góð þáttaka var í þessu skemmtilega en krefjandi móti eða 31 kona.

Vesturlandsmót kvenna var haldið í frábæru veðri í Borgarnesi 30. ágúst. Leyniskonur fjölmenntu í mótið en Leynir átti 21 af 52 þátttakendum í mótinu. Því miður náðist ekki sigur að þessu sinni en stefnan er klárlega sett á að taka 1. sætið á næsta ári þegar mótið mun fara fram á Garðavelli.

Sveitakeppni kvenna fór fram hjá Golfklúbbnum Kili Mosfellsbæ 8.-10. ágúst og spiluðu Leyniskonur í 1. deild þetta sumarið ásamt 7 öðrum sveitum. Sveit GL var skipuð þeim Friðmey Jónsdóttur, Elínu Dröfn Valsdóttur, Hildi Magnúsdóttur, Örnu Magnúsdóttur, Maríu Björg Sveinsdóttur, Elínu Rós Sveinsdóttur, Ellu Maríu Gunnarsdóttur og Bryndísi Rósu Jónsdóttur.

Niðurstaðan varð því miður sú að sveitin féll niður í 2. deild en stefnan verður klárlega sett á að fara beint upp aftur. Liðstjóri sveitarinnar var Einar Lyng Hjaltason íþróttastjóri GL.

Lokamót sumarsins var haldið laugardaginn 13. september í ágætis veðri. 22 konur tóku þátt og um kvöldið var haldið gott lokahóf í golfskálanum þar sem var skálað fyrir sumrinu. Verðlaunaafhending fyrir Leynisskvísuna 2014 og Lokamótið fór fram um kvöldið.

Þátttakan í flestum viðburðum sumarsins var betri en árið á undan þrátt fyrir slæmt veðurfar. Helstu markmið kvennastarfsins miða að því að styrkja og efla konur í golfi og auka kynni á meðal þeirra. Kvennanefnd leggur áherslu á að kvennastarfið sé létt og skemmtilegt og höfði til sem flestra félaga. Talsverð áhersla hefur verið lögð á að halda vel utan um póstlista félaga og að upplýsa allar konur í félaginu um þá viðburði sem í boði eru og eru Leynisskvísur nú mættar á Facebook þar sem allir ættu að geta fylgst með starfinu.

Kvennanefnd GL vill þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem studdu við kvennastarfið með sjálfboðavinnu, með gjöfum eða afsláttum á verðlaunum kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

F.h. kvennanefndar
Ella María Gunnarsdóttir, formaður.
https://www.facebook.com/Leynisskvisur

Skýrsla mótanefndar

Í mótanefnd tímabilið 2013 til 2014 sátu Þórður Elíasson formaður, Eiríkur Jónsson, Einar Jónsson, Viktor Elvar Viktorsson og Ingunn Þóra Ríkharðsdóttir. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri tók virkan þátt í störfum mótanefndar ásamt fjölda félagsmanna sem lagði mótahaldi GL sína aðstoð.

Fjöldi móta í sumar var 50 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2550 manns. Mótahaldið var fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, opnum mótum og mótum sem kvennanefnd sá alfarið um að ógleymdum mótum á vegum GSÍ og LEK.

Mótahald á Garðavelli hófst í lok apríl þetta árið með vormóti sem haldið var 26. apríl. Til samanburðar þá var fyrsta mót haldið 9. mai 2013 og því gleðilegt að hægt var að opna völlinn og hefja golfsumarið fyrr.

Sterk hefð er kominn fyrir miðvikudagsmótum klúbbsins og eru félagsmenn mjög duglegir að spila í þeim og var þátttakan góð líkt og undanfarin ár. Mótin eru góð leið til að halda við forgjöfinni, efla félagsandann og ekki sakar að mótagjaldi er stillt í hóf sem þakka má stuðningi fyrirtækjanna Landsbankans og HB Granda.

Meistaramótið var haldið í júlí að venju dagana 7. – 12. júlí. Börn og unglingar spiluðu frá 7. júlí til 8. júlí og síðan hófu fullorðnir leik þann 9. júlí og luku leik 12. júlí. Þátttakendur voru um 120 að meðtöldum börnum og unglingum.

Meistaramótið þótti takast vel og lauk því með lokahófi í golfskála fyrir börn og unglinga og sal eldri borgara við Kirkjubraut þar sem klúbbmeistarar voru krýndir en Stefán Orri Ólafsson varð hlutskarpastur í meistaraflokki karla og hlutskörpust kvenna var Elín Dröfn Valsdóttir sem keppti í 1. flokk en enginn keppandi var í meistaraflokk kvenna þetta árið (önnur úrslit má sjá í skýrslu stjórnar).

Veðurfar setti strik sitt á mótahald sumarsins líkt og sumarið 2013 en þrátt fyrir mikla rigningatíð var árangurinn af mótahaldi góður og þátttaka almennt góð.

Mótanefndin vill þakka öllum styrktaraðilum sem studdu við mótahaldið í sumar og einnig þakka félagsmönnum og öllum sem komu að mótahaldi með einum eða öðrum hætti fyrir aðstoðina.

F.h. mótanefndar
Þórður Elíasson, formaður.

Skýrsla öldunganefndar

Öldungastarfið (kylfingar 55 og eldri) var með hefðbundnum hætti og voru engin skipulögð verkefni önnur en þátttaka í öldungasveitakeppni GSÍ sem fram fór í Vestamannaeyjum þetta árið.

Öldungahópurinn styrkist jafnt og þétt og forgjafalægri kylfingar bætast í hópinn. Keppnisreglum hefur verið breytt nokkuð í keppninni, fleiri leikir spilaðir og spenna fram í síðasta leik. Til að komast í sveitina áttu eldri kylfingar kost á að velja 5 bestu hringi úr 10 mótum sem fóru fram í kjölfar meistaramótsins. Sex voru valdir með þessum hætti en þrjá gat liðsstjóri valið að auki.

Til fararinnar völdust 9 manns: Halldór Hallgrímsson, Jóhann Þór Sigurðsson, Björn Þórhallsson, Sigurður Grétar Davíðsson, Þórður Elíasson, Haukur Þórisson, Jón Elís Pétursson, Vilhjálmur Guðmundsson og Reynir Þorsteinsson.

Hópurinn var mjög samstilltur, stóð sig ágætlega og náði 3. sæti og mátti minnstu muna að enn betri árangur næðist.

Gráa mótaröðin var spiluð að venju samhliða miðvikudagsmótum til fjáröflunar fyrir sveitakeppni öldunga og var þátttaka ágæt.

F.h. öldunganefndar
Reynir Þorsteinsson, formaður

Skýrsla forgjafarnefndar

Á vormánuðum ársins var forgjöf þeirra félagsmanna GL sem skiluðu þremur eða fleiri gildum hringjum sumarið 2013 endurskoðuð. Endurskoðunin er í samræmi við reglu 26.1 í EGA forgjafarkerfinu og var þetta í sjötta sinn sem endurskoðunin er framkvæmd. Endurskoðuninni er ætlað að tryggja að hver félagsmaður hafi sem réttasta forgjöf og hún sé í samræmi við þá hringi sem hann hefur skilað inn.

Endurskoðunin mælti með óbreyttri forgjöf hjá lang flestum meðlimum GL, eða um 70%. Hins vegar var lagt til að forgjöf 18% meðlima yrði hækkuð, mest um 2 heila og minnst um 1. Þá var lagt til að forgjöf 12% meðlima GL yrði lækkuð, mest um 2 heila en minnst um 1. Þegar núverandi kerfi var tekið upp var sú ákvörðun tekin innan forgjafarnefndar að láta endurmatið gilda að öllu leyti nema í alveg sérstök tilvikum.

Engar sérstakar beiðnir bárust forgjafarnefnd á árinu 2014 sem nefndin hafði lögsögu yfir og taka þurfti afstöðu til.

F.h. forgjafarnefndar
Stefán Orri Ólafsson

Ársreikningur fyrir starfsárið 2014

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir starfsárið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014 með undirritun sinni.

Akranesi, 27. nóvember 2014

Þórður Emil Ólafsson
Formaður Leynis

Hannes Marinó Ellertsson, gjaldkeri

Tryggvi Bjarnason, ritari

Eiríkur Jónsson, meðstjórnandi

Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi

Ella María Gunnarsdóttir, varamaður

Guðmundur Sigvaldason, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgiskjölum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 2014 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við ársreikninginn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.

Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Akranesi þann 02.12.2014

REKSTRARREIKNINGUR

01.11.2013 - 31.10.2014

	Skýr.	Rekstur 2014	Rekstraráætl. 2014	Rekstur 2013	% hlutfall áætl./rekst. Rekstur 2014	% hlutfall milli 2013 og 2014
REKSTRARTEKJUR						
Félagsgjöld		16.245.943,00	15.100.000,00	14.615.354,00	8%	11%
Tekjur af golfmótum	1	9.697.111,00	11.175.000,00	11.141.536,00	-13%	-13%
Barna- og unglingastarf	4	3.529.211,00	3.200.000,00	3.060.734,00	10%	15%
Framlög og styrkir	5	15.843.567,00	11.500.000,00	10.873.760,00	38%	46%
Tekjur af golfskála	3	13.100.338,00	12.200.000,00	11.221.467,00	7%	0%
Tekjur af velli	2	14.086.660,00	15.800.000,00	14.999.339,00	-11%	0%
Samningur við GR	6	0,00	0,00	800.000,00	0%	100%
REKSTRARTEKJUR ALLS		**72.502.830,00**	**68.975.000,00**	**66.712.190,00**	5%	9%
REKSTRARGJÖLD						
Stjórnun & rekstur skrifstofu	7	13.199.610,00	15.450.000,00	8.695.616,00	-15%	52%
Sameiginlegur kostnaður	8	3.340.910,00	2.800.000,00	2.068.549,00	19%	62%
Rekstur Garðavallar	9	23.953.318,00	24.000.000,00	17.421.496,00	-0,2%	37%
Rekstur & viðhald fasteigna	10	3.354.578,00	2.800.000,00	2.320.162,00	20%	45%
Rekstur golfskála	11	13.244.745,00	11.800.000,00	11.200.279,00	0%	0%
Barna- og unglingastarf	12	3.503.009,00	3.200.000,00	2.870.785,00	9%	22%
Keppnissveitir og afrekskostn.	13	1.321.407,00	900.000,00	1.197.592,00	47%	10%
Kostnaður af golfmótum	14	5.326.456,00	4.600.000,00	5.681.436,00	16%	-6%
REKSTRARGJÖLD ALLS		**67.244.033,00**	**65.550.000,00**	**51.455.915,00**	3%	31%
REKSTRARHAGNAÐUR (TAP)		**5.258.797,00**	**3.425.000,00**	**15.256.275,00**	54%	-66%
FYRNINGAR		**-1.794.303,00**	**-1.800.000,00**	**-10.773.711,00**	-0,3%	-83%
HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG - GJÖLD		**3.464.494,00**	**1.625.000,00**	**4.482.564,00**	113%	-23%
FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD						
Vaxtatekjur & verðbætur		198.660,00	0,00	149.972,00	100%	32%
Vaxtagjöld	15	-1.080.692,00	-1.000.000,00	-1.649.761,00	8%	-34%
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS		**-882.032,00**	**-1.000.000,00**	**-1.499.789,00**	-12%	-41%
HAGN. AF REGLUL. STARFSEMI		**2.582.462,00**	**625.000,00**	**2.982.775,00**		-13%
ÓREGLULEGAR TEKJUR						
Höfuðstólslækkun langtímaláns		6.618.774,00	0,00	0,00		100%
ÓREGLULEGAR TEKJUR ALLS		**6.618.774,00**	**0,00**	**0,00**		100%
HAGNAÐUR ÁRSINS		**9.201.236,00**	**625.000,00**	**2.982.775,00**		208%

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2014

EIGNIR

	Skýr.	31.10.2014	31.10.2013	Breyting í % milli 2013 og 2014
FASTAFJÁRMUNIR				
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Mannvirki		63.648.808,00	60.280.436,00	6%
.- Hlutur Akraneskaupstaðar í skemmu		-36.000.000,00	-28.000.000,00	29%
.- Byggingastyrkir v. skemmu		-2.890.661,00	-820.279,00	252%
Golfvöllur		62.229.690,00	62.229.690,00	0%
Vélar og búnaður		14.028.151,00	3.928.213,00	257%
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		**101.015.988,00**	**97.618.058,01**	3%
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR		**101.015.988,00**	**97.618.058,01**	3%
VELTUFJÁRMUNIR				
Skammtímakröfur				
Vörubirgðir		354.225,00	186.429,00	
Kortaviðskipti og samningar		554.010,00	658.238,00	-16%
Viðskiptakröfur		2.804.109,00	1.992.631,00	41%
Samtals skammtímakröfur		**3.712.344,00**	**2.837.298,00**	31%
Handbært fé				
Sjóður		26.500,00	0,00	
Hlaupareikningur LÍ		1.905.499,00	5.961.998,00	-68%
Vaxtareikningur LÍ		8.776.619,00	10.020.231,00	
Sparireikningur LÍ		88.518,00	85.607,00	3%
LÍ veltureikn. 601		194.151,00	326,00	59456%
Samtals handbært fé		**10.991.287,00**	**16.068.162,00**	-32%
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR		**14.703.631,00**	**18.905.460,00**	-22%
SAMTALS EIGNIR		**115.719.619,00**	**116.523.518,01**	-1%

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2014

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.10.2014	31.10.2013	Breyting í % milli 2013 og 2014
EIGIÐ FÉ				
Yfirfært frá fyrri árum		98.673.354,00	95.690.579,00	3%
Hagn / -Tap á reikningsárinu		9.201.236,00	2.982.775,00	208%
Samtals eigið fé		**107.874.590,00**	**98.673.354,00**	9%
SKULDIR				
Langtímaskuldir				
Landsbanki Íslands lán		5.977.426,00	15.167.654,00	-61%
Næsta árs afborgun		-2.109.684,00	-3.956.780,00	-47%
Samtals langtímaskuldir		**3.867.742,00**	**11.210.874,00**	-66%
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir		362.833,00	1.102.618,00	-67%
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.476.797,00	887.408,00	66%
Ógreiddur virðisaukaskattur		8.450,00	641.018,00	-99%
Áfallnir vextir langtímalána		19.523,00	51.468,00	-62%
Næsta árs afborgun langtímalána		2.109.684,00	3.956.780,00	-47%
Samtals skammtímaskuldir		**3.977.287,00**	**6.639.292,00**	-40%
SAMTALS SKULDIR		**7.845.029,00**	**17.850.166,00**	-56%
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		**115.719.619,00**	**116.523.520,00**	-1%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2014

	Rekstur 2014	Rekstur 2013	% hlutfall milli 2013 og 2014
NR. 1 Tekjur af mótum			
Innanfélagsmót	1.935.750,00	2.276.000,00	-15%
Opin mót	4.228.000,00	5.209.000,00	-19%
Styrkir v. golfmóta	3.533.361,00	3.656.536,00	-3%
Samtals	**9.697.111,00**	**11.141.536,00**	-13%
NR. 2 Tekjur af golfvelli			
Vallargjöld	11.972.956,00	11.625.439,00	3%
Leiga golfbíla og kerra	631.500,00	913.750,00	-31%
Tekjur af boltavél	992.251,00	744.450,00	33%
Samtals	**13.596.707,00**	13.283.639,00	2%
Tekur af útleigu tækja			
Útleiga slátturvéla	489.953,00	1.715.700,00	-71%
Samtals	**489.953,00**	**1.715.700,00**	-71%
Samtals teljur af golfvelli	**14.086.660,00**	**14.999.339,00**	-6%
NR. 3 Tekjur af golfskála			
Vörusala	12.467.671,00	10.946.037,00	14%
Útleiga	612.667,00	198.500,00	209%
Aðrar tekjur	20.000,00	76.930,00	-74%
	13.100.338,00	11.221.467,00	17%
NR. 4 Barna- og unglingastarf			
Styrkir v.unglingastarfs	1.922.516,00	1.458.688,00	32%
Félagsgjöld	1.438.116,00	1.593.194,00	-10%
Tekjur af styrktarmótum ungl.st.	154.000,00	0,00	100%
Getraunaáheit til unglingast. 1X2	14.579,00	8.852,00	65%
Samtals	**3.529.211,00**	**3.060.734,00**	15%
NR. 5 Framlög & styrkir			
Akraneskaupst.-rekstrarst.	8.371.578,00	8.367.955,00	0,04%
Önnur framlög & styrkir	7.471.989,00	2.505.805,00	198%
Samtals	**15.843.567,00**	**10.873.760,00**	46%
NR. 6 Samningur við GR			
Vinna við nýframkvæmdir á velli		800.000,00	-100%
	0,00	**800.000,00**	-100%
Nr. 7 Stjórnun & rekstur skrifstofu			
Laun og launat.gjöld	11.911.298,00	8.019.744,00	49%
Síma- og internetkostnaður	590.247,00	413.333,00	43%
Póstburðargjöld	29.551,00	0,00	100%
Skrifstofubúnaður	67.143,00	108.993,00	-38%
Ritföng, pappír og prentun	95.085,00	42.732,00	123%
Vinnufatnaður	81.365,00	0,00	100%
Annar skrifstofukostnaður	424.921,00	110.814,00	283%
Samtals	**13.199.610,00**	**8.695.616,00**	52%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2014

	Rekstur 2014	Rekstur 2013	% hlutfall milli 2013 og 2014
Nr. 8 Sameiginlegur kostnaður			
Félagsskattur GSÍ	1.360.800,00	1.274.800,00	7%
Ferða- & fundarkostnaður	309.719,00	55.252,00	461%
Gjafir & viðurkenningar	38.068,00	0,00	100%
Kostnaður v. félagskort	33.052,00	133.560,00	-75%
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	1.196.881,00	238.624,00	402%
Annar sameiginlegur kostnaður	402.390,00	366.313,00	10%
Samtals	**3.340.910,00**	**2.068.549,00**	62%
Nr. 9 Rekstur golfvallar			
Tryggingar og skattar	159.453,00	60.201,00	165%
Aðkeypt þjónusta v.vallarviðhalds	6.713.717,00	3.391.903,00	98%
Laun og launatengd gjöld	9.080.393,00	8.143.756,00	12%
Viðhald tækja og áhalda	5.172.506,00	2.951.046,00	75%
Tækjaleiga	550.000,00	756.868,00	-27%
Bensín og olíur	1.594.041,00	1.818.777,00	-12%
Annar kostnaður	442.390,00	298.945,00	48%
Samtals	**23.712.500,00**	17.421.496,00	36%
Kostnaður v. útleigu tækja			
Laun og launatengd gjöld	134.092,00	0,00	100%
Viðhald tækja og áhalda	50.000,00	0,00	100%
Bensín og olíur	56.726,00	0,00	100%
Samtals v. útleigu tækja	**240.818,00**	0,00	100%
Samtals rekstur golfvallar	**23.953.318,00**	**17.421.496,00**	100%
Nr. 10 Rekstur og viðhald fasteigna			
Viðhald fasteigna	134.783,00	88.905,00	52%
Ýmis rekstrarkostnaður	1.172.173,00	610.276,00	92%
Fasteignagjöld	1.739.952,00	1.242.143,00	40%
Tryggingar fasteigna	307.670,00	378.838,00	-19%
Samtals	**3.354.578,00**	**2.320.162,00**	45%
Nr. 11 Rekstur skála			
Vörunotkun	5.639.296,00	4.889.152,00	15%
Laun og launatengd gjöld	5.586.540,00	4.935.742,00	13%
Annar starfsmannakostnaður	159.000,00	30.245,00	426%
Þjónustugjöld	515.761,00	172.848,00	198%
Rekstur húsnæðis	698.572,00	330.661,00	111%
Tækjakostnaður	592.397,00	388.288,00	53%
Gjaldf. stofnkostnaður	45.392,00	345.095,00	-87%
Annar kostnaður	7.787,00	108.248,00	-93%
	13.244.745,00	**11.200.279,00**	18%

Sundurliðun með rekstrar- og efnahagsreikningi 2014

	Rekstur 2014	Rekstur 2013	% hlutfall milli 2013 og 2014
Nr. 12 Barna- og unglingastarf			
Golfþjálfun - laun og launat.gjöld	2.797.693,00	1.722.000,00	62%
Afreksstyrkir	18.000,00	97.000,00	-81%
Sveitakeppni unglinga	498.537,00	501.645,00	-1%
Keppniskostn. v. unglingamóta		212.448,00	-100%
Annar kostn. v. unglingastarfs	188.779,00	337.692,00	-44%
Samtals	**3.503.009,00**	**2.870.785,00**	22%
Nr. 13 Keppnissveitir og afrekskostn.			
Sveitakeppni karla	720.634,00	555.747,00	30%
Sveitakeppni kvenna	239.643,00	178.045,00	35%
Sveitakeppni öldunga	333.130,00	313.800,00	6%
Afreksstyrkir	28.000,00	150.000,00	-81%
Samtals	**1.321.407,00**	**1.197.592,00**	10%
Nr. 14 Kostnaður af golfmótum			
Verðlaun	3.701.560,00	3.366.337,00	10%
Endurgr. v. styrktarmóts	0,00	1.526.500,00	-100%
Annar kostnaður af mótum	1.624.896,00	788.599,00	106%
Samtals	**5.326.456,00**	**5.681.436,00**	-6%
Nr. 15 Vaxtagjöld og verðbætur			
Þóknun v. banka og greiðslukorta	500.129,00	387.552,00	29%
Vextir langtímalána	565.576,00	1.262.209,00	-55%
Fjármagnstekjuskattur	14.987,00	0,00	100%
Samtals	**1.080.692,00**	**1.649.761,00**	-34%

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2013 - 31.10.2014

	Árið 2014	Árið 2013
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) ársins	9.201.236,00	2.982.775,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Afskriftir	1.794.303,00	10.773.711,00
Veltufé frá rekstri	**10.995.539,00**	**13.756.486,00**
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-167.796,00	-186.429,00
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-707.250,00	-1.542.821,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	-814.909,00	1.407.312,00
Handbært fé frá rekstri	**-1.689.955,00**	**-321.938,00**
Fjárfestingarhreyfingar		
Eignfærðar framkvæmdir vélaskemmu	-4.628.327,00	-2.381.147,00
Keypt tæki	-9.659.287,00	0,00
Vallarsalerni	-975.000,00	0,00
Fjárfestingarhreyfingar	**-15.262.614,00**	**-2.381.147,00**
Fjármögnunarhreyfingar		
Byggingaframlag frá Akraneskaupstað	8.000.000,00	8.000.000,00
Byggingarframlag fyrirtækja	2.070.382,00	820.279,00
Afborganir langtímaskulda	-9.190.228,00	-3.956.779,00
Fjármögnunarhreyfingar	**880.154,00**	**4.863.500,00**
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	-5.076.877,00	15.916.901,00
Handbært fé í upphafi árs	16.068.163,00	151.262,00
Handbært fé í lok árs	10.991.286,00	**16.068.163,00**

Rekstraráætlun 2015

REKSTRARÁÆTLUN

01.11.2014 - 31.10.2015

	Áætlun 2015	Rekstur 2014	Rekstur 2013
REKSTRARTEKJUR			
Félagsgjöld	17.500.000,00	16.245.943,00	14.615.354,00
Tekjur af golfmótum	11.350.000,00	9.697.111,00	11.141.536,00
Barna- og unglingastarf	3.277.000,00	3.529.211,00	3.060.734,00
Framlög og styrkir	14.000.000,00	15.843.567,00	10.873.760,00
Tekjur af golfskála	13.300.000,00	13.100.338,00	11.221.467,00
Tekjur af velli	14.700.000,00	14.086.660,00	14.999.339,00
Samningur við GR			800.000,00
Afmælisár 2015	1.400.000,00		
Íslandsmót í höggleik 2015	10.000.000,00		
REKSTRARTEKJUR ALLS	**85.527.000,00**	**72.502.830,00**	**66.712.190,00**
REKSTRARGJÖLD			
Stjórnun & rekstur skrifstofu	15.850.000,00	13.199.610,00	8.695.616,00
Sameiginlegur kostnaður	2.800.000,00	3.340.910,00	2.068.549,00
Rekstur Garðavallar	24.205.000,00	23.953.318,00	17.421.496,00
Rekstur & viðhald fasteigna	4.250.000,00	3.354.578,00	2.320.162,00
Rekstur golfskála	13.250.000,00	13.244.745,00	11.200.279,00
Barna- og unglingastarf	4.350.000,00	3.503.009,00	2.870.785,00
Keppnissveitir og afrekskostn.	1.250.000,00	1.321.407,00	1.197.592,00
Kostnaður af golfmótum	4.900.000,00	5.326.456,00	5.681.436,00
Afmælisár 2015	1.400.000,00		
Íslandsmót í höggleik 2015	10.000.000,00		
REKSTRARGJÖLD ALLS	**82.255.000,00**	**67.244.033,00**	**51.455.915,00**
REKSTRARHAGNAÐUR (TAP)	**3.272.000,00**	**5.258.797,00**	**15.256.275,00**
FYRNINGAR	**-1.800.000,00**	**-1.794.303,00**	**-10.773.711,00**
HAGNAÐUR FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG - GJÖLD	**1.472.000,00**	**3.464.494,00**	**4.482.564,00**
FJÁRMUNATEKJUR OG -GJÖLD			
Vaxtatekjur & verðbætur		198.660,00	149.972,00
Vaxtagjöld		-1.080.692,00	-1.649.761,00
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS	**-1.000.000,00**	**-882.032,00**	**-1.499.789,00**
HAGN. AF REGLUL. STARFSEMI	**472.000,00**	**2.582.462,00**	**2.982.775,00**
ÓREGLULEGAR TEKJUR			
Höfuðstólslækkun langtímaláns		6.618.774,00	
ÓREGLULEGAR TEKJUR ALLS		**6.618.774,00**	
HAGNAÐUR ÁRSINS	**472.000,00**	**9.201.236,00**	**2.982.775,00**

SJÓÐSSTREYMISÁÆTLUN

01.11.2014 - 31.10.2015

Rekstrarhreyfingar	Áætlun 2015	Árið 2014	Árið 2013
Hagnaður (tap) ársins	472.000,00	9.201.236,00	2.982.775,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	1.800.000,00	1.794.303,00	0,00
Veltufé frá rekstri	**2.272.000,00**	**10.995.539,00**	**2.982.775,00**
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-150.000,00	-167.796,00	-186.429,00
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-1.000.000,00	-707.250,00	-1.542.821,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	1.500.000,00	-814.909,00	1.407.312,00
Handbært fé frá rekstri	**350.000,00**	**-1.689.955,00**	**-321.938,00**
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærðar framkvæmdir Garðavelli	-4.000.000,00	-4.628.327,00	-2.381.147,00
Eignfærðar framkvæmdir vélaskemmu	-500.000,00	-9.659.287,00	
Vallarsalerni	-1.000.000,00	-975.000,00	
Véla og tækjakaup	-6.000.000,00		
Fjárfestingarhreyfingar	**-11.500.000,00**	**-15.262.614,00**	**-2.381.147,00**
Fjármögnunarhreyfingar			
Byggingaframlag frá Akraneskaupstað	8.000.000,00	8.000.000,00	8.000.000,00
Byggingarframlag fyrirtækja	500.000,00	2.070.382,00	820.279,00
Afborganir langtímaskulda	-2.400.000,00	-9.190.228,00	-3.956.779,00
Fjármögnunarhreyfingar	**6.100.000,00**	**880.154,00**	**4.863.500,00**
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	-2.778.000,00	-5.076.877,00	15.916.900,00
Handbært fé í upphafi árs	10.991.286,00	16.068.163,00	151.262,00
Handbært fé í lok árs	**8.213.286,00**	**10.991.286,00**	**16.068.162,00**

Fjöldi starfsmanna Golfklúbbsins Leynis sumarið 2014 var:

18

18.200

Kylfingar spiluðu Garðavöll árið 2014.

Golf er lífstíll

Félagsmenn í Golfklúbbnum Leyni eru um:

390

Garðavöllur er um 60 hektarar.

6055

Lengd Garðavallar á hvítum teigum.

5535

Lengd Garðavellar á gulum teigum.

5003

Lengd Garðavellar á bláum teigum.

4572

Lengd Garðavellar á rauðum teigum.

Golfklúbburinn Leynir
Grímsholti - 300 Akranes
Sími: 431 2711
Netfang: leynir@leynir.is
Veffang: leynir.is